

Verktækni

Stéttarfélag verkfræðinga Tæknifræðingafélag Íslands Verkfræðingafélag Íslands

2. tbl. 17. árg. 2011

4

Mikilvæg réttindi

6

Aðalfundur VFÍ

7

Aðalfundur SV

8

Aðalfundur TFI

9

Aðalfundur KTFÍ

10

Orðanefnd
rafmagnsverkfræðinga 70 ára



Vetrarmynd úr Heiðmörk. – Gleðilegt sumar!

Ljós. Morgunblaðið.

VFÍ og SV sameinast

Verkfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag verkfræðinga verða sameinuð í eitt félag undir heiti þess fyrrnefnda. Þetta er niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Sameiningin var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta, 85,5% í VFÍ og 86,7% í SV. Þar með er orðið til eitt félag allra verkfræðinga sem sinnir faglegum og kjaralegum hagsmunum stéttarinnar.

Stofnfundur sameinaðs félags verður í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9, þriðjudaginn 31. maí kl. 17.

Frestur til að skila inn breytingatillögum vegna laga félagsins rann út 10. maí. Sama dag rann út frestur til að tilkynna framboð til stjórnar og ráða. Á stofnfundinum verður kosið í embætti formanns, aðalstjórn og stjórnir Ráðs stjórnenda og sjálfstætt starfandi og Kjararáðs.

Verkfræðingafélag Íslands var stofnað 19. apríl 1912 og fagnar því 100 ára afmæli á næsta ári. Það var ekki fyrir en á árunum

upp úr 1950 að VFÍ fór að huga að kjaramálum fyrir alvöru. Á aðalfundi 1952 var skipuð launanefnd sem átti að afla upplýsinga um launakjör verkfræðinga og gera tillögur um úrbætur ef þörf krefði. Á þessum árum ríkti óvissa um réttarstöðu VFÍ sem samningsaðili í kjaradeilu og því varð úr að Stéttarfélag verkfræðinga var stofnað 12. febrúar 1954. Í sameinuðu félagi eru um 2200 félagsmenn, eða um 75% allra verkfræðinga á vinnumarkaði.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til mæta á stofnfundinn og setja mark sitt á mótun félagsins.



Íslensk gæði í fjörutíu ár CE merktar framleiðsluvörur!

Eigum vörur til fráveitulagna sem henta þyngstu umferð ökutækja!



Brunnur \varnothing 1000 mm
úttak allt að \varnothing 400 mm



Brunnbötn \varnothing 1000 mm
úttak allt að \varnothing 400 mm



Brunnbötn \varnothing 1000 mm
úttak allt að \varnothing 250 mm



Fráveitubrunnur \varnothing 600 mm
úttak allt að \varnothing 250 mm



Fráveitubrunnur \varnothing 600 mm
úttak allt að \varnothing 160 mm



Fráveitubrunnur \varnothing 400 mm
úttak allt að \varnothing 250 mm



Kapalbrunnur \varnothing 1000 mm



Framlenging \varnothing 600 mm



Keila \varnothing 600 / 1000 mm



Framlenging \varnothing 1000 mm
án þrepa



Framlenging \varnothing 400 mm



Vatnslásbrunnur



Fituskilja samkvæmt
IST EN 1825



Vatnsgeymir
100 til 50.000 lítra



Framlenging \varnothing 1000 mm
með þrepum



Sandföng 30 og 80 lítra
með teleskope



Sandskilja




Steinsteypir járnbenir
brunnhringir



Steinsteypir járnbenir lok



Sand- og saltkista
450 lítrar



Ölúskilja samkvæmt IST EN 858



Rotþró samkvæmt (IST EN 12566-1:2000/A1:2003.



Jarðgerðarilát
þrjár útfærslur



Frauðplast



Takkamottur fyrir gólfhita



Vegatálmar



Vottað gæðakerfi
síðan 1993



Vottað umhverfisstjórnun-
kerfi síðan 1999



Merktar
framleiðsluvörur



fjörutíu ára

BORGARPLAST
www.borgarplast.is

Efni á vefsíður

Peir sem óska eftir að fá birtar tilkynningar, fréttir og annað efni á vefsíðum VFÍ, TFÍ og SV geta sent tölvupóst til ritstjóra Verktækni, sigrun@verktækni.is. Athugið að hægt er að nálgast pfd-útgáfu af Verktækni á vefsíðunum.

Breytt netföng

Félagsmenn eru hvattir til að senda skrifstofunni upplýsingar um breytt netföng. Senda má póst á skrifstofa@verktækni.is eða hringja í síma 535 9300.

Skilafrestur

Stefnt er að því að næsta tölublað Verktækni komi út í byrjun aprílmánaðar. Þeir sem vilja koma efni í blaðið og/eða skilaboðum til ritstjóra eru beðnir um að senda tölvupóst: sigrun@verktækni.is

Munið vefsíðurnar

Vefsíður VFÍ, TFÍ og SV eru uppfærðar reglulega. Þar er að finna upplýsingar um starfsemi félaganna, sjóði og fleira. Þar er meðal annars hægt að skila inn umsóknum um inngöngu í félögin og til sjóða í vörslu þeirra.

LEIÐARINN Hugsjón

Þann 16. maí voru liðin 70 ár frá stofnun Orðanefndar rafmagnsverkfræðingadeildar VFÍ. Í grein hér í blaðinu er þessara tímamóta minnst. Nefndin hittist á vikulegum fundum, hefur gefið út 17 orðabækur og samið 17000 iðorð. Nefndarmenn hafa ávallt unnið öll sín störf við nýyrðagerð og útgáfu bóka án þóknunar. Flestir hafa þeir starfað í nefndinni um nokkurra áratugaskeið, að meðaltali í rúm 30 ár. - Hér er það hugsjónin sem ræður för.

Það er merkilegt að stofnun orðanefndar skuli hafa verið verkfræðingum svo ofarlega í huga þegar fyrsta sérdeildin innan Verkfræðingafélags Íslands, rafmagnsverkfræðingadeildin, var stofnuð árið 1941. Sögu nefndarinnar má reyndar rekja lengra aftur því segja má að hún sé beinn arftaki Orðanefndar Verkfræðingafélags Íslands sem var stofnuð 1919, sjö árum eftir stofnun félagsins. Þá má rifja upp, og kemur fram í samantekt Bergs Jónssonar sem birt er á vefsíðu VFÍ, að fyrstu tildrögin til iðorðasöfnunar á vegum verkfræðinga er erindi Björns Bjarnasonar frá Viðfirði á fundi félagsins seint á árinu 1918. Innan vébanda Verkfræðingafélagsins starfar einnig Orðanefnd byggingarverkfræðinga en hún var stofnuð 1980. Á árinu 2007 gaf nefndin út Íðorðabók um umhverfistækni en bókin var tuttugu ár í smíðum og að baki lá mikil vinna. Í bókinni er að finna rúmlega 1200 hugtök sem lúta að umhverfismálum frá sjónarhóli verkfræðinga og annars tæknimenntaðs fólks. Einar B. Pálsson formaður nefndarinnar á þeim tíma segir í inngangi bókarrinnar að viðfangsefni orðanefndarinnar sé að auka íslenskan orðaforða, svo að ræða megi og rita um byggingarverkfræði á fullgildri íslensku. „Það er hægara sagt en gert. Ekki vegna þess, að móðurmálið sé vanhæft til orðmyndunar, heldur vegna þess, hve hugtökin eru mörg, sem finna þarf ný orð fyrir, og að miklar kröfur eru gerðar til gæða nýrra orða í íslensku. Og ekki bætir úr skák stórleg fjölgun hugtaka, sem fylgir hinni öru þróun raunvísinda og tækni nú á dögum.“ Starf orðanefnda Verkfræðingafélagsins er ein merkilegasta skrautfjöðrin í starfsemi félagsins. - Hugsjónastarf einstaklinga sem láta sér annt um íslenska tungu.

Sigrún S. Hafstein, ritstjóri.



Verkfræðingafélag Íslands

Stofnfundur sameinaðs félags VFÍ og SV

Stofnfundur sameinaðs félags Verkfræðingafélags

Ísland og Stéttarfélgs verkfræðinga verður

haldinn þriðjudaginn 31. maí kl. 17 í

Verkfræðingahúsi Engjateigi 9.

Dagskrá:

- Tillögur stjórna, ákvörðun félagsgjalda 2012.
- Kosning stjórnar.
- Kjör endurskoðanda og skoðunarmanns.
- Kosning í Kjararáð VFÍ.
- Kosning í Ráð stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.
- Laun formanns og stjórnarmanna.
- Önnur mál.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að mæta á fundinn og setja mark sitt á mótun félagsins.

VERKTÆKNI

Engjateigi 9 · 105 Reykjavík
Sími: 535 9300 · Símbref: 535 9311
Tölvupóstur: sigrun@verktækni.is

Blaðið VERKTÆKNI er gefið út af Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands og er dreift ókeypis til félagsmanna. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigrún S. Hafstein.

Blaðnefnd: Arni Þór Arnason (TFÍ) og Bjarni Bessason (VFÍ), María S. Guðjónsdóttir (SV), auk ritstjóra.

Leyfilegt er að birta efni úr Verktækni ef heimildir er getið. Skoðanir sem settar eru fram í blaðinu samrýmast ekki endilega viðhorfum útgefenda.

Prentvinnsla: Svansprent · Mynd á forsiðu: Rafn Sigurbjörnsson · Aðstoð við útgáfu: Hænin · Sími: 55 88 100 · utgafa@utgafa.is

Mikilvæg réttindi tryggð

Nýr kjarasamningur fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga sem starfa hjá fyrirtækjum innan Samtaka atvinnulífsins (SA).

Nokkur tímamót urðu í gerð kjarasamninga hjá Stéttarfélagi verkfræðinga og Kjarafélagi Tæknifræðingafélags Íslands þegar félögin undirrituðu kjarasamning við Samtök atvinnulífsins (SA) í mars síðastliðnum með gildistöku 1. apríl. Var löngu orðið tímabært að þessar háskólastéttir bættust í hóp þeirra stétta sem notið hafa kjarasamnings á almennum vinnumarkaði.

Þessi kjarasamningur nær til allra verkfræðinga og tæknifræðinga sem starfa hjá fyrirtækjum sem eru aðilar að SA og gildir um kjör þeirra. Við bendum félögum okkar á að tilkynna vinnuveitanda sínum með tölvupósti að þeir óski þess að greitt sé til viðkomandi stéttarfélags og gæta þess jafnframt að senda afrit til stéttarfélagsins á netfangið skrifstofa@verктаekni.is.

Um er að ræða ótímabundna kjarasamninga sem tryggja réttindi félagsmanna. Þetta þýðir að laun er ákvörðuð í ráðningarsamningi og breyting á þeim fer fram í launaviðtali sem starfsmenn eiga rétt á amk. einu sinni á ári. Það er ekki er um að ræða ákvæði um prósentuhækkningar launa á fyrirfram ákveðnum tímamótum eins og gerist til dæmis í kjarasamningum háskólastétta innan SFF (Stéttarfélags starfsmanna fjármála- og VR, þó að þær breytingar á launum svo og markaðslaunatöflur SV og KTFÍ marki vissulega viðmið í launaviðtölunum.

Réttindi í sjóðum

Hluti réttindanna er skylda vinnuveitandans að greiða í sjóði stéttarfélaganna og skapa starfsmanninum þannig rétt til að njóta þeirra hlunninda sem í þeim felast.

Vinnuveitandi greiðir af heildarlaunum:

- 1% af heildarlaunum í Sjúkrasjóð.
- 0,25% í Orlofssjóð, nema starfsmaður kjósi annað.
- 0,13% í Endurhæfingarsjóð.
- 0,22% í Starfsmenntunarsjóð semji starfsmaður og vinnuveitandi um slíkt.
- 8% móttframlag í lífeyrissjóði, auk framlags í séreignalífeyrissjóði.

Auk þessa skilar atvinnurekandi félagsgjaldi til stéttarfélaganna óski starfsmaður þess.

Pungamiðjan í þessum réttindum er tvímælalaust réttur félagsmanna til dagpeningagreiðslna frá sjúkrasjóðunum. Þegar launagreiðslum frá vinnuveitanda í veikindum lýkur (eftir 1-6 mánuði) á félagsmaður rétt á greiðslum úr sjúkrasjóði sem nemur 80% af launum í amk. 9 mánuði. Hve miklir hagsmunir eru í húfi fyrir starfsmenn kemur ljósast fram í eftirfarandi samanburði; **kostnaður við kaup** á veikindatryggingu hjá tryggingafélagunum sem er gífurlegur versus **tilkynning** til vinnuveitanda að starfsmaðurinn sé félagi í stéttarfélagi. Öll önnur réttindi í sjóðunum eru mikilvæg þó með öðrum hætti sé eins og sést í starfsreglum sjóðanna á heimasíðum félaganna.

Við hvetjum alla félagsmenn okkar til fara yfir ráðningarsamninga og bera saman atriði ráðningarsamnings og hins nýja kjarasamnings. Það getur þurft að endurskoða suma ráðningarsamninga til að fá að njóta þeirra ákvæða sem samið var um, eins og til dæmis 37,5 klst. vinnuviku.

Eins bendum við öllum á að lesa kjarasamninginn vel og ekki síst kafla um veikindaréttinn svo og slysa- og tryggingaákvæðin. Hafið samband við skrifstofuna með beiðni um kynningarfund í fyrirtækjum ykkar og við munum bregðast skjótt við.



Kynningarfundur SV og KTFÍ.

Á almenna vinnumarkaðinum eiga félögin tvö nú einungis eftir að gera kjarasamninga vegna opinberra hlutafélaga og Orkuveitu Reykjavíkur.

Prúður G. Haraldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála.

Við minnum á

Sjóðfélagar missa réttindi ef launagreiðandi greiðir ekki iðgjöld í sjóði félaganna og skilar ekki félagsgjaldinu. Það er útbreiddur misskilningur að greiðsla félagsgjalds til viðkomandi félags tryggi sjálfkrafa rétt í hinum ýmsu sjóðum Svo er ekki. Sjóðsaðild er í öllum tilvikum háð greiðslu iðgjalds til sjóðanna.


Kjarakönnun SV og KTFÍ

Lokið er kjarakönnun SV og KTFÍ og munu niðurstöður birtast um mán- aðamótin maí og júní.

Sameinað félag

Nú er nýfstaðin kosning um sameiningu Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga í eitt félag undir heiti þess fyrrnefnda. Niðurstaða kosningarinnar var mjög afgerandi. Mikill meirihluti þeirra sem tóku þátt reyndist fylgjandi sameiningu félaganna. Það hafa heyrt raddir um að með því að sameina félögin sé verið að breyta fagfélagi í stéttarfélag. Það er mikill misskilningur. Félagið verður deildaskipt hagsmunafélag þar sem félagsmenn velja sína deild eftir því hvort þeir eru sjálfstætt starfandi eða launþegar. Slíkt fyrirkomulag tíðkast í verkfræðingafélögum á öllum norðurlöndunum og hefur gefist vel þar. Því miður hefur það fyrirkomulag að hafa tvö félög orðið til þess að margir nýútskrifaðir verkfræðingar hafa kosið að standa utan félags. Við sem vinnum að kynningarmálum meðal verkfræðinema verðum þess vör að þeir bíða óþreyjufullir eftir því að ganga í eitt öflugt verkfræðingafélag. Því er hægt að fullyrða að framtíðin sé björt fyrir félagið. Við göngum í mótbyr í atvinnumálum um þessar mundir. Þá reynir á að stjórnvöld taki ákvarðanir sem gagnast í að skapa arðvænleg störf. Þar hefur á skort. Ef rétt er að málum staðið verða verkfræðingar, hér eftir sem hingað til, öflugir liðsmenn í uppbyggingu landsins.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri, SV, TFÍ og VFÍ.



Ef það hreyfist,
Þá færðu að vita það.

Ef það er byggt, þá mun það hreyfast. Að vita hvenær og hversu mikið mannvirki eða jarðskorpa hreyfist eru mikilvægar öryggisupplýsingar og minnkar áhættu. Það er einnig nauðsynlegt til að geta áætlað og framkvæmt viðhald. Trimble býður þrautreyndar lausnir á rauntíma eftirliti. Hvort sem hreyfingin er lítil á löngum tíma eða ef bráð hreyfing verður, þá færðu að vita það.

Eftirlitskerfi Trimble hefur sveigjanleika til að sameina GPS/GNSS gögn og Alstöðvagögn í sama verkefninu, veita vitneskju í rauntíma, skynja örlitlar hreyfingar (niður í millimetra), safna gögnum eða með sívöktun mannvirkja úr fjarlægð.

Þú getur ekki komið í veg fyrir hreyfingu mannvirkja eða jarðskorpu en þú getur vitað hvenær það gerist. Trimble - heldur þér og þínum öruggum. Meiri upplýsingar á www.trimble.com/monitoring.

 **Trimble**
www.trimble.com

 **ÍSMAR**
Við mælum með því besta

Aðalfundur VFÍ

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands 2011 var haldinn 31. mars síðastliðinn. Hér verður stiklað á stóru í ársskýslu félagsins fyrir starfsárið 2010-2011. Ársskýrslan með ársreikningum er birt í heild á vefsíðu félagsins: www.vfi.is.

Ársreikningur

Rekstrartap ársins var um 1,5 milljónir króna en rekstrartekjur námu 17,5 milljónum króna. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 19,9 milljónum króna en heildarskuldir voru á sama tíma tæpar 5,2 milljónir króna. Eigið fé félagsgjóðs var því jákvætt um tæpar 14,7 milljónir króna. Veltufjármunir í árslok voru 10,3 milljónum hærri en skammtímaskuldir. Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að félagsgjaldið verði 26.400 krónur.

Menntamálanefnd

Af 42 umsóknum um inngöngu í félagið voru 39 umsóknir samþykktar en 3 var hafnað. Allar 10 umsóknirnar um ungfélagadild voru samþykktar. Af 81 umsókn um starfsheitið voru 70 umsóknir samþykktar, 9 var hafnað og umfjöllun um tvær ekki lokið. Heildarfjöldi umsókna var mun minni á síðustu tveimur starfsárum en næstu þrjú árin þar á undan.

Menntamálanefnd VFÍ fjallaði einnig formlega um 24 umsóknir um inngöngu í SV fyrir stjórn þess félags. Þar af voru 22 samþykktar, einni var hafnað og ein var dregin til baka.

Ávarp formanns

Í ávarpi sínu nefndi Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður VFÍ, nýafstaðna kosningu um sameiningu félaganna og sagði m.a.: „Sú vegferð var orðin nokkuð löng og má rekja aftur til ársins 1993. Þá voru markmið Verkfræðingafélagsins endurskoðuð og komu fram í stefnumótun þess árið 1995 en þar segir að stefnt skuli að sameiningu félaganna. Sú afgerandi niðurstaða sem fékkst úr kosningunni, en tæplega 86% félaga VFÍ vildu sameina félögin, er staðfesting á því að rétt var að ráðast í þetta núna. Það er sannfæring mín að sameining félaganna í eitt öflugt félag sé mikilvægt og farsælt skref enda á stéttin sameiginlegra hagsmuna að gæta. Kjaramál og fagmál verða ekki aðskilin. Í einu félagi erum við betur í stakk búin til að mæta framtíðinni og standa vörð um starfsheitið og kjör verkfræðinga.“

Jóhanna gerði einnig að umtalsefni niðurskurð í menntunarmálum verkfræðinga: „Starf Menntamálanefndar Verkfræðingafélagsins er einn mikilvæg-

asti þátturinn í starfi þess en nefndin hefur það hlutverk með höndum að veita umsagnir um allar umsóknir um inngöngu í félagið og/eða verkfræðingstílinn. Menntamálanefnd fer eftir þeim reglum sem stjórnin hefur samþykkt um meðferð umsókna í samræmi við inn-tökureglur. Í 19. gr. félagslaganna segir: „Menntamálanefnd skal standa vörð um menntun verkfræðinga og fylgjast með verkfræðinámi sem í boði er hér á landi. Menntamálanefnd skal vera stjórn félagsins til ráðuneytis um menntamál. Menntamálanefnd skal hafa frumkvæði að því, hvernig VFÍ getur beitt áhrifum sínum gagnvart yfiroldum menntamála í því skyni að ná markmiðum félagsins“. Hinn mikli niðurskurður í ríkisfjárlögum ársins 2011, í framlögum til háskólanna, sem var hvað mestur í tækni- og raungreinum var erindi fundar forystu félagsins með ráðherra menntamála, sl. haust. Ráðherra sýndi málinu skilning og fram kom í máli hennar að til stæði að fara í endurskoðun á þeim flokki sem verkfræði- og tækni-fræðinámið er sett í. Á þessum vettvangi þarf félagið sífellt að halda árverkni sinni og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Áhyggjur af þróun menntamála eru ekki af ástæðulausu því í erindi menntamála-ráðherra, Katrínar Jakobsdóttir, nýlega, á Menntadegi iðnaðarins 2011, sagði hún að hinn mikli niðurskurður gerði erfitt um vik að standa undir kröfum um gæði og þróun menntakerfisins.

Jóhanna minnti einnig á að á næsta ári verða 100 ár liðin frá stofnun Verkfræðingafélagsins og að tímamótunum verði fagnað með viðeigandi hætti. „Afmælisnefnd hefur starfað um nokkurt skeið til að skipuleggja dagskrána. Félagið er eitt elsta starfandi fagfélag landsins og má segja að það hafi fylgt þjóðinni í því að brjótast úr fátækt til bjargálna.“

Nýjar siðareglur

Tryggvi Sigurbjarnarson, formaður nefndar sem vann að endurskoðun siðareglna VFÍ, kynnti nýju reglurnar og hvernig var unnið að mótun þeirra. Voru siðareglurnar samþykktar einróma. Nefndin



Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður VFÍ.


hefur unnið að því að móta með hvaða hætti megi auka vægi siðfræði innan verkfræðinnar. Nefndi Tryggvi meðal annars að nefndin leggur til að kennsla í siðfræði verði eflid í háskólunum, að sífræðsla í siðfræði verði eflid innan félagsins, að einstakir hópar innan VFÍ og venslaðir aðilar verði hvattir til að setja sér siðareglur og að verkfræðistofur verði hvattar til að setja sér sérstakar siðareglur, þá gjarnan sem hluta af gæðakerfi.

Nýjar siðareglur VFÍ eru birtar á vefsíðu félagsins. Þess má geta að nefndin mun hafa forgöngu um að samdar verði ítarlegri verklagsreglur fyrir Siðanefnd VFÍ.

Sameinað félag

Logi Kristjánsson kynnti niðurstöður kosninga um sameiningu VFÍ og SV. Sameiningin var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta félagsmanna (85,5% í VFÍ og 86,7% í SV) í allsherjaratkvæðagreiðslu sem lauk 24. mars.

Vegna sameiningar VFÍ og SV lagði stjórnin fram tillögu þess efnis að umboð hennar yrði framlengt til 1. júlí, eða þar til sameinað félag tekur formlega til starfa. Var það samþykkt samhljóða.



Aðalfundur SV

Aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga var haldin 7. apríl. Hér verður stiklað á stóru í ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2010-2011. Ársskýrslan er birt í heild á vefsíðu SV: www.sv.is

Ársreikningur

Rekstrarhagnaður ársins nam rúmum 3,1 milljónum króna en rekstrartekjur voru rúmlega 28,7 milljónir króna. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 53,2 milljónum en heildarskuldir rúmum 32,6 milljónum á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 20,6 milljónir króna. Á aðalfundinum var samþykkt samhljóða að félagsgjöldin fyrir árið 2011 verði 26.400 krónur.

Félagafjöldi

Á árinu 2010 gengu 95 nýir félagsmenn í SV að meðtöldum ungfélögum. Um miðjan mars 2011 voru skráðir félagar 1496 þar af voru 270 konur eða 18% félagsmanna.

Ávarp formanns

Kári Steinar Karlsson formaður SV flutti skýrslu stjórnar. Hann sagði m.a.: „Sameining Stéttarfélags verkfræðinga og Verkfræðingafélags Íslands var samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu með miklum meirihluta atkvæða. Það var að frumkvæði stjórnar SV að sameiningarviðræður SV og VFÍ hófust að nýju í lok síðasta árs. Stjórnir félaganna beggja voru einhuga í þeirri afstöðu að eitt öflugt félag verkfræðinga geti sinnt faglegum og kjaralegum hagsmunum af enn meiri krafti. Markmiðið er að félagið þjóni sem best hagsmunum allra verkfræðinga. Í sameinuðu félagi er um 2200 félagsmenn, eða um 75% allra verkfræðinga á vinnumarkaði.

Nokkru áður en úrslit sameiningarkosningar lágu fyrir eða um miðjan mars urðu önnur merk tímamót er fyrsti kjarasamningur SV við Samtök atvinnulífsins var undirritaður. Það eru jákvæð umskipti fyrir verkfræðinga á almennum markaði sem að langstærstum hluta hafa verið utan kjarasamninga. Um 550 félagsmenn SV starfa hjá ýmsum fyrirtækjum á almennum markaði. Um er að ræða ótímabundinn réttindasamning. Það þýðir að í samningnum eru ekki launatölur eða prósentuhækkningar en vísað til að samið skuli um markaðslaun. Samningur þessi leggur auknar kröfur á okkar herðar varðandi upplýsingar um kjör á almennum markaði en samningurinn leysir kjarasamning SV við Félag ráðgjafarverkfræðinga af hólmi sem viðmiðunarsamningur á almennum markaði.

Atvinnumöguleikar verkfræðinga virðast hafa verið að glæðast undanfarið ár, atvinnuleysi hefur minnkað þrátt fyrir að á

árinu hafi á þriðja hundrað útskrifast með BS í verkfræði eða MS gráðu. Greinilegt er að oftar en áður er auglýst eftir verkfræðingum til starfa og fjöldi þeirra sem hefur haft samband við félagið til að fá aðstoð og leiðbeiningar við að ganga frá ráðningarsamningum hefur aukist. Einnig hefur verið greinilegur viðsnúningur hjá þeim sem höfðu haft minna að gera síðasta ár.“

Lögfræðiaðstoð

Gjörbreyttu umhverfi á vinnumarkaði fylgir aukning í lögfræðiþjónustu sem SV veitir.

Gjaldþrot fyrirtækja og kröfur í Ábyrgðarsjóð launa er hluti þessa svo og ráðgjöf varðandi ráðningarsamninga sem nú reynir á sem sjaldnast fyrr. Greiddar voru rúmar 3,2 milljónir í lögfræðiaðstoð árið 2010, sem er sambærilegt og fyrra ár en þá hækkaði lögfræðikostnaður um 50% milli ára. Lögfræðiaðstoð SV er einn af hornsteinum félagsins og erfitt að sjá kostnað vegna hennar fyrir.

Samstarf og rekstur annarra félaga

Stéttarfélag tölvunarfræðinga. SV hefur í rúm ellefu ár séð um rekstur Stéttarfélags tölvunarfræðinga (ST). Nú eru 124 tölvunarfræðingar í ST. Félagið var í samfloti með SV, KTFÍ og SFB við gerð kjarasamningsins við Samtök atvinnulífsins.

Félag tæknimanna hjá Landsvirkjun. Frá árinu 2004 hefur SV séð um rekstur Félags tæknimanna hjá Landsvirkjun (FTL) sem er stéttarfélag tæknimanna hjá Landsvirkjun og Landsneti. Félagið er samningsaðili þessara starfsmanna gagnvart fyrirtækjunum. Félagsmenn eru 66 og nokkrir þeirra einnig félagar í SV. Í félaginu eru auk verkfræðinga, tæknifræðingar, tölvunarfræðingar o.fl. Félagsmenn FTL greiða í orlofsjóð SV.

Stéttarfélag byggingarfræðinga. SV hefur síðan í september 2005 rekið Stéttarfélag byggingarfræðinga (SFB). Félagsmenn greiða í sjúkra- og orlofsjóð SV. Félagar eru nú 117. Samningur félaganna er mjög hagstæður fyrir báða aðila



Kári Steinar Karlsson, formaður SV.

og fellur vel að starfsemi SV. SFB var í samfloti með SV, KTFÍ og ST við gerð kjarasamningsins við Samtök atvinnulífsins.

Sameinað félag

Logi Kristjánsson kynnti niðurstöður kosninga um sameiningu VFÍ og SV. Sameiningin var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta félagsmanna (86,7% í SV og 85,5% í VFÍ) í allsherjaratkvæðagreiðslu sem lauk 24. mars.

Stofnfundur sameinaðs félags verður í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9, þriðjudaginn 31. maí kl. 17. Frestur til að skila inn breytingatillögum vegna laga félagsins rann út 10. maí. Sama dag rann út frestur til að tilkynna framboð til stjórnar og ráða.

Vegna sameiningar VFÍ og SV lagði stjórnin fram tillögu þess efnis að umboð hennar yrði framlengt til 1. júlí, eða þar til sameinað félag tekur formlega til starfa. Var það samþykkt samhljóða.



Aðalfundur TFÍ

Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands 2011 var haldinn 24. mars. Hér verður stiklað á stóru í ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2010-2011. Ársskýrslan með ársreikningum er birt í heild á vefsíðu TFÍ: www.tfi.is.

Ársreikningur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 889 þúsund krónum, en rekstrartekjur námu rúmum 18,4 milljónum króna. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 17,9 milljónum en heildarskuldir tæpum 9,2 milljónum króna á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 8,7 milljónir. Veltufjármunir í árslok voru rúmum 8,7 milljónum hærrí en skammtímaskuldir. Á aðalfundinum var samþykkt að hækka félagsgjöldin og verða þau 31.200 krónur, þar af renna 8.200 krónur til KTFÍ eða STFÍ.

Skýrsla stjórnar

Í ársskýrslunni er ávarp Bergþórs Þormóðssonar, formanns TFÍ. Þar segir hann meðal annars: „Öllum er ljós nauðsyn samstöðunnar. Félagið hefur aðstoðað umtalsverðan fjölda einstaklinga í málum er varða slit á ráðningarsamningum. Stafa þessi slit vegna erfiðleika í rekstri fyrirtækja. Ljóst er að þróttur atvinnulífsins er með minnsta móti um þessar mundir. Það er áhyggjuefni hversu lítið og seint bólar á fjárfestingum í atvinnulífinu. Atvinnulausir tæknifræðingar voru í byrjun febrúar 2011 um níutíu. Hefur atvinnulausum tæknifræðingum heldur fjölgað síðan í ágúst 2010. Flestir voru tæknifræðingar atvinnulausir í apríl 2009 en þá voru þeir 123.

Nám við æðri menntastofnun í tækni-fræði var í upphafi tækifæri fyrir iðnmenntaða einstaklinga til að sækja sér meiri

menntun. Þannig voru fyrstu íslensku tæknifræðingarnir flestir með sveinspróf í iðngrein áður en þeir hófu nám í tækni-fræði við menntastofnanir í Danmörku. Þannig var grundvöllur lagður að faglegri þekkingu á þeim viðfangsefnum sem tæknifræðingar fást við. – Með fjögurra ára iðnnámi í faggrein, auk þriggja og hálfárs háskólanáms í raungreinum og áframhaldandi menntun í faggreininni. Með auknum áherslum á bóknám hefur menntastefna íslenskra stjórnvalda stuðlað að slagsíðu í námsvali íslenskra ungmenna. Þannig hefur ofurtrú á bóknámið orðið til þess að færri og færri ungmenni sækja í iðnnám. Virðing fyrir verknámi í þjóðfélaginu er hverfandi. Í allri opinberri umræðu um hvernig Íslendingar ætli að rétta við efnahagshrunið með nýsköpun og sprotafyrirtækjum vantar menntastefnu sem hvetur til verknáms. Stjórnvöld þurfa að hafa manndóm í sér til að efla iðnmenntun. Því með iðnmenntun í tæknigreinum eflist áhugi ungmenna á tækni og þannig skapast grundvöllur fyrir fjölbreyttu atvinnulífi, nýsköpun og sprotafyrirtækjum.”

Menntunarnefnd

Á starfsárinu voru haldnir þrettán fundir í Menntunarnefnd TFÍ. Á öllum fundum nefndarinnar er fjallað um umsóknir um inngöngu í TFÍ, leyfi til að nota starfsheitið tæknifræðingur og endurinnkomu í félagið. Mikil fjölgun varð á umsóknum ungfélaga í TFÍ sem má þakka góðu kynningarstarfi félagsins meðal tæknifræðinema. Alls voru 43 tæknifræðingar samþykktir sem fullgildir félagar í TFÍ.

Í skýrslu Menntunarnefndar sem rituð er af formanni nefndarinnar Jóhannes Benediktssyni segir m.a. „Auk afgreiðslu umsókna er á fundum nefndarinnar ávallt fjallað um menntunarmál tæknifræðinga. Inntökuskilyrði, námslengd, samsetningu



Bergþór Þormóðsson, formaður TFÍ.

námsins og atvinnuskilyrði tæknifræðinga að námi loknu. Aukin fjölbreytni í námi samhliða fjölgun námsbrauta í THÍ, síðar HR, hefur leitt af sér aukningu á fjölda nemenda í tæknifræðinámi. Við slíka breytingu er þó mikilvægt að þess verði ávallt gætt að huga að undirstöðugreinum tæknifræðinnar þannig að ekki verði dregið úr námskröfum heldur verði gerðar auknar kröfur í þessum greinum.”

Ný stjórn TFÍ

Á fundinum var kosið í stjórn TFÍ. Þau Anna Elín Jóhannsdóttir og Þorleifur M. Magnússon, voru kosin til tveggja ára og Öundur Jónasson, varamaður til eins árs. Aðrir í stjórn eru: Bergþór Þormóðsson, formaður, Jón Arnarson, Benedikt H. Halldórsson auk eins fulltrúa frá KTFÍ annars vegar og STFÍ hins vegar.



Lán til endurbóta og viðbygginga

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán eru 20 milljónir og lánstími 5 til 40 ár. Sömu vextir eru á þessum lánum og almennum lánum Íbúðalánasjóðs.

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Aðalfundur KTFÍ

Aðalfundur Kjarafélags Tæknifræðinga félags Íslands (KTFÍ) var haldinn 24. mars. Hér verður stiklað á stóru í ársskýrslu TFÍ en hún er birt í ársskýrslu TFÍ sem er á vefsíðu félagsins, www.tfí.is.

Þór Sigurbórsson, formaður KTFÍ flutti skýrslu stjórnar. Þar kom m.a. fram að margir félagsmenn leituðu eftir aðstoð skrifstofunnar á starfsárinu. Einkum var um að ræða lögfræðiaðstoð vegna innheimtu vangoldinna launa úr Ábyrgðarsjóði launa og annarra launategdra greiðslna úr þrotabúum fyrirtækja. Einnig hafa félagsmenn óskað eftir lögfræðialitum á óeðlilegum og eða ólöglegum uppsögnum. Sem fyrr leituðu margir til skrifstofunnar til að fá aðstoð við gerð ráðningarsamninga og upplýsingar um markaðslaun.

Félagsmenn í KTFÍ eru nú um 950, þar af starfa um 120 hjá ríkinu og opinberum hlutafélögum, 60 hjá Reykjavíkurborg og hlutafélagsvæddum stofnunum borgarinnar, um 40 eru hjá öðrum sveitarfélögum, um 220 á verkfræðistofum og um 510 starfa á almennum vinnumarkaði, þ.e.a.s. hjá verktökum, iðnfyrirtækjum o.fl.

Litlar breytingar urðu á vinnumarkaði á sl. ári en tæknifræðingum á atvinnuleysisskrá fækkaði þó úr 113 í desember 2009 í 82 í desember 2010. Einhverjir hafa farið erlendis og aðrir í framhaldsnám. Brýnasta verkefnið í íslensku samfélagi er að vinna bug á atvinnuleysinu, en búast má við nokkru atvinnuleysi næstu tvö eða þrjú árin.

Fyrsta markaðslaunatafla tæknifræðinga kom út fyrir árið 2010. Undanfarin tvö ár hafa markaðslaunaráð KTFÍ og SV unnið saman að launakönnun félagsmanna. Nú eru framkvæmdar tvær kannanir á ári.

Sterk staða sjóða

Á fundinum var farið yfir ársskýrslur sjóða KTFÍ. Kom fram að staða þeirra er sterk og hefur úthlutunum fjölgað ár frá ári. Má til dæmis nefna að Sjúkrasjóður KTFÍ veitti 158 styrki á starfsárinu að upphæð rúmar tíu milljónir króna en árið á undan var úthlutað 67 styrkjum, samtals um 4,7 milljónir króna.

Kjarasamningar

Undirritaður var kjarasamningur KTFÍ, SV, ST og SBF við Samtök atvinnulífsins (SA) 14. mars sl. og er hann fyrsti samningurinn sem félögin gera við SA. Samningurinn tekur gildi frá 1. apríl 2011. Samningur þessi er ótímabundinn réttindasamningur. Í honum eru ekki neinar launatölur eða prósentuhækkningar. Ákvæði eru um greiðslur í sjúkrasjóð, orlofssjóð og endurhæfing-

arsjóð og heimildarákvæði um greiðslu í Starfsmenntunarsjóð. Dagvinnutími er 37,5 klst. á viku og greitt er orlofs- og desemberuppbót í samræmi við heildarkjarsamning SA á almennum markaði.

Kjarasamningar KTFÍ og FRV.

Samningurinn var undirritaður 26. janúar sl. og gildir hann frá 1. febrúar 2011 til 31. desember 2011. Helstu breytingar eru 2,4% launahækkun 1. febrúar og 2,5% 1. júlí n.k.

Kjarasamningur KTFÍ og ríkisins.

Gengið var frá samningi við samninganefnd ríkisins, í samvinnu með BHM, þann 28. júní 2008 þar sem gildandi samningur var framlengdur frá 1. júní 2008 til 31. mars 2009. Engar viðræður hafa verið á liðnu starfsári.

Kjarasamningur KTFÍ og Reykjavíkurborgar.

Samningur var undirritaður 30. nóvember 2008 og gildi frá 1. nóvember 2008 til 31. ágúst 2009. Lítið hefur verið um kjaraviðræður á starfsárinu

Kjarasamningur KTFÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

